

L Ö G

24

16. febr.

um breyting á lögum nr. 33 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933,
um sjúkrahús o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsti másl. 2. efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi, þriðja á Austurlandi og hið fjórða á Suðurlandsundirlöndunum, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

25

16. febr.

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflytninga við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenskum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 3 mála, og sé eitt af þeim opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftast en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð um það, að hann fullnægi öðrum lögmeðtum skilyrðum til að vera hæstaréttarlögmaður. Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framan-